

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 17. nóvember 2009 í máli nr. Q-9/2009:

Sýslumaðurinn.....

gegn

A, B, C, D og E

Guðjóni Sævarssyni

Með kröfu móttækinni 28. júlí 2009 hefur Sýslumaðurinnkrafist opinberra skipta á dánarbúi X, , er lést 2009.

Við þingfestingu málsins 18. september sl. var mætt af hálfu varnaraðila og kröfunni mótmælt og var ágreiningsmál þetta þá þingfest. Ágreiningsmálið var tekið til úrskurðar 26. október 2009

Dómkröfur sóknaraðila eru að dánarbú X verði tekið til opinberra skipta.

Varnaraðilar krefjast þess að kröfu sóknaraðila um opinber skipti verði hafnað og að lagt verði fyrir sóknaraðila að gefa út leyfi til einkaskipta.

I.

Sýslumaðurinn móttók þann 17. júlí 2009, beiðni varnaraðila sem erfingja samkvæmt erfðaskrá, um leyfi til einkaskipta á dánarbúi X sem ekki lét eftir sig lögerfingja, en áður hafði af hálfu sýslumanns verið kynnt fyrir varnaraðilum erfðaskrá hinnar látnu frá 19. júlí 1983. Fyrir mistök hafði erfingjum ekki verið kynnt að þann 19. maí 1999 hafði erfðaskráin verið afturkölluð, en sú afturköllun var kynnt erfingjum með bréfi dags. 7. júlí 2009. Þann 17. júlí 2009 var einnig mótttekið hjá sýslumanni bréf lögmanns varnaraðila þar sem þess var krafist að byggt yrði á nefndri erfðaskrá frá 1983, að því gefnu að engin önnur erfðaskrá myndist.

Erfðaskráin frá 19. júlí 1983 var sameiginleg erfðaskrá systranna X og Zdætra, en Z lést árið 2007. Voru varnaraðilar máls þessa erfingjar samkvæmt erfðaskránni eftir lát hinnar langlífari af systrunum. Erfðaskráin liggur frammi í málinu í ljósriti, og er hún árituð um afturköllun og sú áritun undirrituð af systrunum í viðurvist lögbókanda, þann 19. maí 1999. Texti afturköllunarinnar er: „Við undirritaðar óskum hér með að framanskráð erfðaskrá verði ógilt og falli alfarið niður“. Fram

hefur komið í málinu að ítarleg leit hafi verið gerð hjá sýslumanni að annarri erfðaskrá, en engin fundist og ekki hefur verið lögð fram erfðaskrá og engir aðrir en varnaraðilar gefið sig fram sem erfingja eftir hina látnu. Þá kemur fram af hálfu sóknaraðila að við skipti á dánarbúi Z hafi erfðaskráin ekki haft gildi og ekki skipt máli hvort hún var gild eða afturkölluð, enda hafi X verið eini lögerfingi Z auk þess að vera erfingi samkvæmt hinni afturkölluðu erfðaskrá. Var það harmað af hálfu sóknaraðila að mistök hafi verið gerð varðandi upplýsingar um erfðaskrá og afturköllun hennar, en það ekki talið breyta því að erfðaskrá hafi verið lögformlega afturkölluð og því engin erfðaskrá í gildi. Á því er byggt af hálfu sóknaraðila að formaskilyrðum til afturköllunar erfðaskrár sé fullnægt, enda séu ekki eins miklar kröfur gerðar til formaskilyrða, svo sem vottunar varðandi afturköllun, eins og þegar um er að ræða vottun erfðaskrár.

Þar sem sýslumaður hafi hafnað beiðni erfingja um leyfi til einkaskipta, er á því byggt af hálfu sóknaraðila að skilyrðum 5. tl. 37. gr. laga nr. 20/1991 sé fullnægt fyrir kröfu um opinber skipti. Jafnframt sé vísað til 2. tl. 37. gr. og 1. mgr. 12. gr. laganna.

II.

Varnaraðilar byggja á því að það liggi fyrir að vilji hinnar látnu hafi staðið til þess að varnaraðilar væru erfingjar hennar. Systurnar hafi gert sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá og hafi dánarbúi Z verið skipt á grundvelli hennar án þess að afturköllunin hafi legið frammi. Hafi ekki verið gerð athugasemd við það af hálfu X og megi skoða það sem jafngildi afturköllunar hennar á afturköllun erfðaskrárinnar.

Byggt er á því að um mikinn skyldleika hafi verið að ræða á milli hinnar látnu og varnaraðila málsins og sérstök ættartengsl. Þá telja varnaraðilar að formaskilyrðum sé varla fullnægt til að afturköllun erfðaskrár teljist gild í þessu tilviki.

III.

Sóknaraðili í málinu krefst þess að dánarbúi X verði tekið til opinberra skipta, þar sem engir lögerfingjar séu til staðar og engin gild erfðaskrá. Vísað er til víðeigandi lagaákvæða í lögum nr. 20/1991, en í 37. gr. þeirra laga er fjallað um hvenær sýslumaður skuli krefjast opinberra skipta á dánarbúum, skv. 2. tl. skal það gert hafi ekki verið upplýst um neinn erfingja þannig að ætla megi að arfur muni falla til ríkisins og skv. 5. tl. hafi sýslumaður hafnað beiðni um leyfi til einkaskipta eða fellt slíkt leyfi niður.

Það liggur fyrir í málinu að varnaraðilar voru erfingjar hinnar látnu samkvæmt erfðaskrá hennar frá 1983, en jafnframt liggur fyrir að sú erfðaskrá var afturkölluð árið 1999. Fallast verður á það með sóknaraðila að ekki séu gerðar jafn strangar formkröfur til afturköllunar erfðaskrár eins og gerðar eru til erfðaskrárinnar sjálfrar, sbr. VI. kafla erfðalaga nr. 8/1962 og verður ekki hjá því komist að telja afturköllun erfðaskrár í máli þessu fullgilda.

Sú málsástæða varnaraðila að við skipti á búi systur hinnar látnu árið 2007, hafi erfðaskráin legið frammi, en ekki afturköllunin, og þess vegna eigi erfðaskráin að gilda þrátt fyrir afturköllun, fær ekki staðist. Vissulega er það óheppilegt ef ekki hafa legið frammi rétt skjöl við þau skipti, sem varnaraðilar voru ekki aðilar að, en til þess er að líta að erfðaskráin hefði ekki haft úrslitaáhrif við þau skipti þar sem X mun hafa verið eini lögerfingi systur sinnar.

Að framangreindu virtu er það niðurstaða málsins að taka verður til greina kröfu sóknaraðila og taka bú X til opinberra skipta.

Anna M. Karlsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dánarbú X síðast með lögheimili, er lést 2009, er tekið til opinberra skipta.

Anna M. Karlsdóttir